

1869.

7. ágúst.

vík af frakkneska herskipinu „Loiret“ ýms tilföng til húsagjörðar, einkum tígl og höggvið timbur, sem ætlað er til að byggja hús í tódum kaupstað á lóð, er frakkneska stjórnin hefir keypt; er áformað að hafa þar geymslubúr handa herskipunum og herbergi handa frakkneskum skipsbrotsmönnum. Um leið og þær, herra stiptamtmaður, hafð beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að eigi að krefjast lestagjalds af herskipi þessu samkvæmt lögunum 15. aprílmán. 1854 útaf því, að þessi tilföng hafa verið flutt í land af því, hafð þær enn fremur beiðzt fyriřsagnar um, hvernig eigi að fara að eptirleiðis, ef að fluttur verður á frakknesku herskipunum til landsins forði af matvælum og þess konar handa frakkneskum skipbrotsmönnum, þeim er áformað er að skuli hafa húsnæði í húsi því, er gefið var um, þangað til að þeir verða sendir heimleiðis.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þær kunngjörð það, að það er vitaskuld, að það verður ekki krafizt lestagjalds af þessu frakkneska herskipi útaf hinu um rædda, og að, ef svo ber undir, á heldur ekki að krefjast neins gjalds af því eða þeim frakknesku herskipum, sem kunna að flytja vistir handa skipbrotsmönnum, en aptur á móti ber að skýra stjórnarráðinu frá í hverju einstöku tilfelli, svo að það geti lagt úrskurð á málið.

73. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um bænargjörð í kirkjunum á Íslandi útaf kvongan Friðriks konungsefnis.

24. ágúst.

Út af kvongan hans konunglegu tignar Friðriks konungsefnis gjörir kirkju- og kennslustjórnin ráð fyrir, að prestana og söfnudina á Íslandi muni fýsa að bera fram fyrir drottinn í kirkjunni þakklæti sitt fyrir þenna atburð, sem er ekki síður gleðrikur en mikils varðandi fyrir konungseftina og lýðinn, og að ákalla blessan drottins yfir hjónabandi þessu, til hamingju fyrir hin tignu hjón sjálf og fyrir fósturjörðina.

1869.

24. ágúst.

Stjórnarráðið leyfir sér því að gefa yður til vitundar, háæruverðugi herra, til þess að þér birtið prestunum á Íslandi það, að það þykir best henta, að bænagjörð þessi fari fram um allt landið í guðþjónustugjörðinni hinn fyrsta sunnudag, sem verða má, og lætur stjórnarráðið það á sjálfsvaldi þeirra presta, sem þess óska, að hafa við þessa guðþjónustugjörð texta, er eigi við tilefnið, í stað textans, sem ákveðinn er fyrir þann sunnudag.

25. ágúst.

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Suðurmúlasýslu.

Dómsmálastjórnin hefir skrifað sýslumanninum í Suðurmúlasýslu í dag á þessa leið:

„Í bræfi dagsettu 19. f. m. hafid þér, herra sýslumaður, „skýrt frá, að sökum þess, að undanfarnir vetur hafi verið „svo harðir og sökum þess, að haffisinn hafi legið við landið „allt vorið og sumarið og flutt mönnum og skepnum sjúk- „dóma og drepid niður allan jarðargróða, þá sé ástandið „í Suðurmúlasýslu orðið svo aamt, að búast megi við hallæri „að vetri komandi, nema gjörðar verði sérstaklegar ráð- „stafanir til að afstýra því. Í því skyni hafid þér farið þess „á leit, að stjórnarráðið að einu leytinu sjái um, að nægar „kornbirgðir verði til á verzlunarstöðunum í sýslunni, að hinu „leytinu veiti yður heimild til að taka út hjá kaupmönn- „unum að vetri smátt og smátt allt að 400 tunnnum af korn- „mat á kostnað stjórnarráðsins, til þess að útbýta þeim, sem „láni til sveitastjórnanna í þeim hreppum, þar sem neyðin „er mest.

„Útaf þessu skal yður til vitundar gefid yður til leið- „beiningar, að, með því að stjórnarráðið hefir fengið frá „nefnd þeirri, sem sett hefir verið hér í borginni til að „afstýra hallæri í suðuramtinu og vesturamtinu, vitneskju um, „að tæð nefnd hafi sent 100 tunnur af rúgi til hvers af þeim